

Nd.

104. Frumvarp til laga

[93. mál]

um sömu laun kvenna og karla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Við öll störf, embætti og sýslanir — svo hjá bæjar- og sveitarfélögum sem hjá ríkinu — skulu konum greidd sömu laun og körlum.

2. gr.

Við færslu milli launaflokka skulu gilda sömu reglur fyrir konur sem karla

3. gr.

Skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skulu greidd sama kaupi, hvort sem þau eru unnin af konum eða körlum.

4. gr.

Öll störf í hraðfrystihúsum og við iðju og iðnað skulu enn fremur greidd sama kaupi, hvort sem unnin eru af konum eða körlum. — Skulu sérákvæði öll í samningum stéttarféлага um lægri kaupgjaldsákvæði kvenna falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að bæta úr misrétti því, sem konur eru enn þá beittar í launagreiðslum, hvort sem er í þjónustu ríkisins, bæjar- og sveitarféлага eða hjá einkaatvinnurekstrinum.

Það samrýmist engan veginn réttlætishugmyndum manna á 20. öld að láta það eitt, hvort starf er unnið af karli eða konu, valda stórfelldum launamismun. Þó er það staðreynd, að í flestum tilfellum er konum ætlað 25—40% lægra kaup, án alls tillits til þess, hvort þær skila ekki sama vinnuverðmæti og karlmaður mundi skila, ef hann væri settur að sama starfi. Þetta er ranglæti, sem allir verða að viðurkenna, en sterk þjóðfélagsöfl tregðast þó við að leiðrétta.

Það tíðkast mjög hjá opinberum aðilum, ríkisstofnunum og bæjar- og sveitarfélögum, að konum er haldið frá hinum betur launuðu stöðum og störfum og þær ekki fluttar milli launaflokka á sama hátt og karlar.

Við flest störf iðju- og iðnfyrirtækja skila konur fyllilega sama vinnuverðmæti og karlmenn mundu skila í þeirra sporum. En vinna þeirra er þó yfirleitt greidd um 30% lægra verði.

Hér í Reykjavík fá verkakonur 24% lægra kaup en karlmenn við sömu vinnu, og nemur þessi kaupmismunur kynjanna nokkuð á fimmtu krónu á klukkustund, án alls tillits til þess, hvort nokkur munur sé á vinnuafkötsum og vinnugæðum karla og kvenna. Eina röksemdin er þessi: Þið eruð bara konur.

Þó virðist hlutur kvenna vera einna lakastur á verzlunar- og viðskiptasviðinu, einmitt þar, sem segja mætti, að auðveldast og eðlilegast væri að koma við fullkomnum launajöfnuði með því að miða við ákveðin verk, án tillits til þess, hvort það er karl eða kona, sem vinnur þau.

En við þessi störf er alls ekki gert ráð fyrir, að konur gegni störfum skrifstofustjóra og 1. flokks fulltrúa, ekki heldur störfum aðalbókara, fulltrúa annars flokks, bréfitara fyrsta flokks, sölustjóra né aðalgjaldkera. Þessi störf öll, sem falla undir hæstu launaflokkana, skulu unnin af körlum einum. Það er ekki fyrr en komið

er niður í B-lið 4. flokks, sem fjallar um laun aðstoðarfólks í skrifstofum, að gert er ráð fyrir bæði konum og körlum í sama launaflokki. Þetta er næstum ótrúlegt, en satt engu að síður.

Og sömu reglur gilda um launamál afgreiðslufólksins. Konur geta þar komizt það hæst að vera annars flokks deildarstjórar. Og að því er launin snertir, fá stúlkur með sérfræðirófi í viðskiptum frá Verzlunarskóla Íslands (fjögurra ára nám) lægra kaup en piltar, sem aldrei hafa í verzlunarskóla komið. Rökin eru þau ein, að þær eru stúlkur, en þeir eru piltar. — Um gildi starfsins sjálfs er ekki spurt og staðgöð þekking að engu metin.

Þessu verður að breyta. Íslenzk verkalýðshreyfing berst fyrir algeru launajafnrétti kvenna og karla, enda hafa alþjóðasambönd verkalýðsins tekið launajafnrétti kynjanna á stefnuskrá sína og gert um það ályktanir á þingum sínum. Verkföll voru háð hér á landi á s. l. sumri til þess að reyna að minnka muninn á kaupum kvenna og karla, og búast má við miklum átökum, út af þessu hróplega ranglæti, á næstu árum, ef ekki verður að gert. Að öllu leyti væri æskilegra, að Alþingi leysti málið í friði og spekt með lagasetningu, eins og hér er lagt til.

Þeir, sem á sínum tíma beittu sér gegn því, að konur fengju sama rétt og karlar til náms í skólum og að því er snertir kjörgengi og kosningarrétt, hefðu vissulega kosið síðar, að þeir hefðu tekið aðra afstöðu til þeirra mála. Eins munu þeir, sem snúast gegn þessu frumvarpi, áreiðanlega velja sér hið verra hlutskiptið. Að reyna að þegja málið í hel mun heldur ekki takast. Algert jafnrétti kvenna og karla er eitt þeirra mála, sem ekki verða stöðvuð. Mættu menn t. d. minnst þess, að Alþjóðavinnuárástofnunin, sem Ísland er aðili að, hefur árum saman barizt fyrir sama kaupum kvenna fyrir sömu vinnu, og ávallt hefur það verið talin ein af grundvallarhugsjónum Sameinuðu þjóðanna að afmá ríkjandi misrétti milli kynja, kynflokka og þjóða.

Það er því í senn sómi Alþingis og skylda að láta af mótþróa við jafnsjálfsagt mál og þetta er og afgreiða það sem lög frá þessu þingi.